


# Málþroski og læsi

Færni til framtíðar



Málörvun leikskólabarna í Húnvatnssýslum og  
Strandabyggð

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

2016

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Nafn skóla:** Félags- og skólapjónusta A-Hún - Fræðsluskrifstofa. Skólar sem tóku þátt í verkefninu voru Ásgarður í Húnaþingi vestra, Barnabær á Blönduósi, Barnaból á Skagaströnd, Vallaból Húnavatnshreppi og Lækjarbrekka í Strandabyggð.

**Nafn verkefnisins:** Málþroski- og læsi- færni til framtíðar.

**Nafn verkefnisstjóra:** Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri

### Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Þar sem málþroski og læsi er órjúfanleg heild og talmál grunnur þess að börn læri að lesa og skrifa, má sjá að sú færni sem börn læra í tali og hlustun í leikskóla er mikilvæg vegna áhrifa hennar á velgengni ílestri og ritun í grunnskóla. Í ljósi þessa var ákveðið að markmið okkar tengdust vinnu með málþroskann og læsi á öllum námssviðum. Markmið verkefnisins voru að:

- styrkja og efla málþroska og læsi barna í víðustu mynd þvert á námssvið.
- ná fram skilvirkari vinnubrögðum í vinnu með málþroska og læsi með verkáætlun sem vinna á eftir í leikskólunum. Allir vinni eins t.d. sömu skimanir og eftirfylgni ef um frávik í málþroska barna er að ræða. Snemmtæk íhlutun.
- auka færni kennara og annars starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi í leikskólunum.
- auka færni í skráningu, mati á árangri og flokkun/vali á viðeigandi málörvunarefni hjá kennurum og öðru starfsfólk leikskólanna.
- útbúa sérstaka móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál. Efla íslenskukennum, viðeigandi málörvun og stuðning fyrir þennan hóp barna.
- auka samstarf við sérfræðinga og foreldra um málörvun barna. Koma á foreldrafræðslu.
- efla samstarf á milli leik- og grunnskóla.

### Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Leikskólarnir unnu verkefnið undir stjórn Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings. Í ágúst 2015 hófst verkefnið með námskeiði fyrir alla starfsmenn leikskóla þar sem fjallað var um snemmtæka íhlutun, hagnýt úrræði, tvítyngi, fjölyngi og ótyngi. Farið var yfir leiðir til að ná árangri í málörvun, hópþjálfun og einstaklingsþjálfun og hugmyndir að skráningu og mati á árangri og samstarf við sérfræðinga og foreldra. Haldin var kynning á málörvunarefni.

Myndaður var tengiliðahópur, tveir frá hverjum skóla sem báru ábyrgð á verkefni síns skóla. Tengiliðir allra skólanna hittust einu sinni í mánuði og fóru yfir stöðuna. Ákveðið var að hver skóli myndi vinna handbók um alla þá þætti sem snúa að málörvun og læsi. Í október 2015 heimsótti Ásthildur alla skólana og ræddi stöðu mála í verkefninu og veitti ráðgjöf eftir þörfum. Í febrúar 2016 var haldinn fyrirlestur um málörvun og læsi og lögð áhersla á hagnýtt efni. Starfsfólk leikskóla bar saman vinnuaðferðir sínar í vinnuhópum og héldu sýningu á verkefnum sem unnin voru í skólunum, skipt eftir aldursstigum. Leikskólarnir unnið markvisst að því að taka upp nýjar aðferðir í málörvun og læsi og sameinuðust um skimunartæki sem nýtt voru meðal annars til að meta hvort verkefnið væri að skila árangri.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Áætlun var gerð í upphafi veturs og unnið var samkvæmt henni.

### **Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Leikskólarnir nýttu flesta starsdaga sína í verkefnið en hefðu þurft meiri tíma til undirbúnings.

### **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Það hefur verið lyftistöng fyrir leikskólanna í Húnnavatnssýslum og Strandabyggð að fá tækifæri til að taka þátt í þróunarverkefninu. Starfsfólk leikskólanna hefur fengið stóraukna fræðslu um hvernig styrkja og efla megi málþroska barna með áherslu á læsi í víðum skilningi.

Starfsfólk hefur lært að tileinka sér skilvirkari vinnubrögð. Aukin áhersla á íhlutun og uppbryggingu málörvunarhópa og einstaklingsþjálfun. Eftirfylgni hefur verið góð meðan á verkefninu stóð og haldið okkur við efnið og stutt við bakið á okkur þegar á þurfti að halda.

Námsefni skólanna hefur verið flokkað og er því markvissara nýtt til vinnu með börnunum. Skólarnir hafa samræmt skimunartæki sem notuð eru til að greina þroskaþætti hjá börnum.

Samstarf við Heilsugæslu hefur aukist og er meira samtal við hjúkrunarfræðing á hverju svæði fyrir sig. Heilsugæslan er að skila þroskamati inn í leikskólanna sé um frávik að ræða hjá barni, með samþykki foreldra.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:**

Verkefnið hefur haft áhrif á skólastarfið með nýjum markmiðum og verkferlum sem sett var upp í upphafi. Verkefnið mun hafa áhrif til framtíðar innan skólanna.

Skólarnir hafa sameinast um eftirfarandi skimunartæki, sem notuð eru til að meta hvort verkefnið skilar tilætluðum árangri:

TRAS er skráningartæki sem ætlað er til að skrá málþroska ungra barna frá 2-5 ára í daglegu leikskólastarfi.

HLJÓM-2 kannar ákveðna þætti hljóðkerfis- og málmeðvitundar fimm til sex ára barna varðandi síðari lestrarfærni þeirra.

Orðaskil er málþroskapróf sem kannar orðaforða 3 ára barna.

Þess ber þó að geta að samanburður á niðurstöðum úr skimunum kemur ekki í ljós fyrr en haustið 2016.

Skimunartækin nýtast einnig hverjum skóla til að setja upp einstaklingsáætlun fyrir hvert barn.

### **Niðurstöður verkefnisins**

Helsti afrakstur verkefnisins er handbók sem hver skóli hefur sett saman fyrir sig. Handbókin inniheldur verkferla, gátlista og skipulag málþrununarstunda sem hver skóli hefur útbúið og tekur mið af stefnu hvers skóla. Einnig er þar að finna ýmsan fróðleik um snemmtæka íhlutun og málþrun sem nýtist starfsfólk til undirbúnings.

Aukið samtal milli heilsugæslu og leikskóla, ásamt skriflegum skilum á niðurstöðum skimana sem gerðar eru í 2,5 ára og 4 ára skoðun á heilsugæslu skilar barninu umtalverðum ávinningi, snemmtæk íhlutun.

Starfsfólk hefur fengið fræðslu um hvernig styrkja og efla megi málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi.

Það má því segja að markmiðin sem lagt var upp með í Málþrun og læsi færni til framtíðar hafi náðst. Það er samdóma álit starfsfólks skólanna að verkefnið haldi áfram innan veggja hvers skóla fyrir sig og á eftir að vaxa og dafna en frekar.

### **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

Afrakstur verkefnisins verður kynntur með greinaskrifum, fyrirlestrum, kynningum og útgáfu bæklings. Stefnt er að því að halda ráðstefnu á svæðinu með aðstoð Ásthildar Bj. Snorradóttur.

### **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Verkefnið er mikil lyftistöng fyrir skólana í Húnavatnssýslum og Strandabyggð. Það eykur faglega vitund og fagmennsku starfsmanna skólanna sem gagnast leikskólabörnum til framtíðar.

Dagsetning: 9. júní 2016

Háðan Þórhildur Undirskrift verkefnisstjóra

Gudrún Lára Magnússon Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla